Grafísk tákn,

Öll mál eru í millimetrum og hæðarkótar eru í metrum.

A táknar kóta (hæð) í sniðum

B táknar kóta (hæð) á grunnmyndum

C táknar kóta (hæð) á einstökum punkti á grunnmyndum

D táknar kóta (hæð) á einstakri línu á grunnmyndum

B.K. táknar botnkóta á undirstöðum

(200) Stendur fyrir þykktir á veggjum og plötum, hér 200mm

1/5 Stendur fyrir halla á greftri eða fyllingu í sniði





Á grunnmynd er horft á gólfflötinn. Veggir ofan plötu eru sýndir með heilum línum, veggir og bitar neðan plötu eru sýndir með brotnum línum. Járn í efri brún plötu eru sýnd með heilum línum. Járn í neðri brún plötu eru sýnd með brotnum línum.

Breytingatákn

Breytingar eru táknaðar með bókstöfum, A, B, C o.s.frv. Dregið verður ský utan um allar breytingar, sem gerðar eru á milli útgáfa á hverri teikningu.

Breyting númer B og svæði í biðstöðu eru sýnd sem



Hönnunarforsendur

Húsið er hannað skv. gildandi Evrópustöðlum, íslenskum þjóðarskjölum og byggingarreglugerð.

Meðhöndlun álags (álagsfléttur) eru í samræmi við ÍST EN 1990

ÁLAGSFORSENDUR

- Eigið álag: Skv. ÍST EN 1991-1-1

- Viðbótar eigið álag: Álag frá lögnum á þak og milligólf 0,5 kN/m²

- Notálag: Notálag er skv. ÍST EN 1991-1-1
  - á gólfplötu jarðhæðar: jafndreift álag qk = 5 kPa, punktálag Qk = 7,0 kN.
  - á gólfplötu efri hæðar: jafndreift álag qk = 2,5 kPa, punktálag Qk = 2,5 kN.
  - á þak: jafndreift álag qk = 0,4 kPa, punktálag Qk = 1 kN.

- Vindálag: Vindálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1991-1-4 og íslenskum þjóðarskjölum.
  Grunngildi vindhraða, Vb0 = 36,0m/s
  Árstíðarstuðull (Cseason) 1,0
  Stefnustuðull (Cdir) 1,0
  Hrýfisflokkur I
  Formstuðlar byggingarhluta fyrir ytri og innri vindþrýsting, ásamt viðmiðunarhæð (ze) eru ákvarðaðir skv. kafla 7 í ÍST EN 1991-1-4. Fyrir viðmiðunarhæð 6,8m fæst grunngildi vindþrýstings (e. peak velocity pressure qp(6,8)) 2,06kN/m²

- Snjóálag: Snjóálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1991-1-3 og íslenskum þjóðarskjölum. Tekið er tillit til snjósöfnunar þar sem það á við. Byggingin er á snjóálags svæði 1 með, S=2,1 kN/m². Yfirborðstuðull,Ce=0,6 (Very windswept). Almennt er grunngildi snjóálags á þak því 1,0kN/m²

- Jarðskjálftaálag: Jarðskjálftaálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1998-1 og íslenskum þjóðarskjölum.

Grunnhröðun	ag=0,2g
Mikilvægiflokkur	II
Jarðvegsflokkur	B (Grundað á fyllingu)
Hegðunarstuðull	1,5

- Útbeygjukröfur: Kröfur til hámarks formbreytinga burðarvirkisins eru skv byggingarreglugerð. Byggingin er í flokki B.

Teikningarnúmer

01_2_21_01

- 01 – Hlaupandi teikninganúmer
- 21 – Undirflokkur
  1 = Grunnmyndir
  2 = Ásýndarmyndir veggja og súlur
  3 = Bitar, Snið og deili
  4= Stigar
  5= Gataplan
- 2 – Aðalflokkur
  0 = Almennar teikninga (skýringar)
  1 = Jarðvinnuteikningar
  2 = Steypt mannvirki
  3 = Timbur mannvirki
  4 = Stál mannvirki
  5= Eftirspennukaplar
  6= Einingar
- 01 – Fag flokkur
  2= Burðarþol
- 0 – Hæð mannvirkis
  00 = Kjallari (jarðhæð)
  01 = 1. hæð
  02 = 2. hæð o.s.frv.
  XX= Snið og deili teikningar (ekki í neinni sérstakri hæð)

Grundun

Grundun er í samræmi við ÍST EN 1997 og íslensk þjóðarskjöl

Undirstöðujarðvegur:

- Grundað er vel þjappaðri fyllingu. Leyfilegur jarðvegsþrýstingur er 0,3 MPa á þjappaða fyllingu.

Fylling að sökklum og undir botnplötu:

- Undir botnplötu og að húsi skal fylla með burðarhæfu frostþolnu efni þjöppuðu í hæfilegum lagþykktum.
  Að sökkulveggjum skal fylla með burðarhæfu malarefni þjöppuðu í hæfilegum lagþykktum.
  Nota skal fínt malarefni eða annað drenandi efni næst húsinu, minnst 0,5 m út frá vegg, sem tengist drenmöl umhverfis jarðvatnslagnir meðfram útveggjum.

- Ætíð skal haga þjöppun þannig að hún valdi ekki óeðlilega miklu niðurbroti á því efni sem þjappa skal.
  Fyllingarefnið skal lagt út í lögum og hvert lag vökvað og þjappað blautt með víbrovaltara. Í töflu hér að neðan kemur fram minnsti fjöldi yfirferða fyrir ákveðna lagaþykkt og tæki.

- Sérstök aðgát skal höfð þegar þjappað er nálægt mannvirkjum. Næst veggjum skal nota plötuþjöppu og þjappa í 20 cm lögum við hæfilegt rakastig, 3 til 4 umferðir á hvert lag.
  Sama gildir í lagnaskurðum. Þegar fyllt er að stoðveggjum og sökklum skal þess gætt að mismunarhæð sitt hvoru megin við veggina sé í lágmarki (max 0,5m).

- Um fyllingar skal gilda, að þær séu úr burðarhæfu, þjappanlegu, ólífrænu og frostþolnu malarefni með góðri kornadreifingu..

Fyllingarefnið er háð samþykki eftirlitsmanns verkkaupa:

- Efnið telst frostþolið ef minna en 5,5 % af þyngd efnisins er fínna en 0.063 mm.
  Ekki má fylla með frosnu efni eða efni sem er blandað snjó.
  Stærsti steinn má ekki vera stærri en 2/3 af lagþykkt. Í efsta 1/2 metranum í fyllingunni undir húsinu og í efsta metranum í fyllingunni umhverfis húsið skal stærsti steinn þó ekki vera stærri en 15 cm í þvermál.
  Kornadreifingu hvers lags skal þannig háttað að ekki sé hætta á að fínni efni úr einu lagi gangi inn í grófara efni í næsta lagi undir eða yfir.
  Verktaki skal í viðurvist eftirlitsmanns taka prufur af því efni sem hann notar og láta rannsaka kornadreifingu þess á sinn kostnað hjá viðurkenndum prófunaraðila.

Tæki til þjöppunar	Þungi [tonn]	Lagþykkt [cm]	Fjöldi yfirferða
Víbrókefli	3-5	20	3
		30	4
		40	6
Víbrókefli	5-8	30	3
		40	4
		50	6
Víbróvaltari	5-9	30	4
		40	5
		50	7

Einangrun að sökklum:

- Einangra skal allt að 0,6 m niður með sökklum að utanverðu með polystyren plasteinangrun með rúmþyngd a.m.k. 24 kg/m³. Þykkt einangrunar skal vera 75mm.

Samþykkt þann 30. sep. 2021
f.h. byggingarfulltrúans í Hafnarfirði
Hrólmar A. Jónsson
HAJ

Vista: 22.9.2021 14:12:59 Útprentun: 22.09.2021

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:	Yfirf.
A	22.09.2021	Verkdeikning	BGJ	BJP

EFLA

Iðnaðarhúsnæði
Dorfrahella 2
221 Hafnarfirði

Burðarþol
Almennar skýringar
Grundun, tákn og forsendur

TEIKNINÚMER	BLAÐSTÆRÐ	HANNAÐ:	BGJ
Verknúmer XX_1_04_01	A1	TEIKNAÐ:	EEV
		YFIRFARIÐ:	BJP

DAGS.	MÆLIKVARÐI	ÚTGÁFA
22.09.2021		A

Útgáfunúmer og dagsetning aðalupprátta:
Hönnuður: Bjarni Þór Pálsson 24.09.2021
Hönnunarstjóri: Sig. Haukur Sigurðsson